

**Ed.**

**320. Breytingartillaga**

[153. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá Jóni G. Sólnes.

Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 1. gr. og orðist svo:

2. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning  
öls til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda meira en 2½%  
af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um  
vörugjald.

Áfengt öl, sem selt er innanlands, skal undanþegið ákvæðum laga um meðferð  
og sölu áfengis.